



Þú grætur ekki eins og ég

Þegar tunglið lýsir upp næturhimininn
og sólin er löngu búin að fela sig
geri ég mig tilbúna í háttinn
og breiði sængina mína yfir mig
um leið skríða minningarnar um okkur út um augun á mér
og leka niður kinnar mínar
ég minni mig þá á að þú grætur ekki yfir þeim
þótt að þetta séu líka minningarnar þínar

Inda Marý Kristjánsdóttir

